



Ávarp
Höllu Tómasdóttur
forseta Íslands
við val á
Íþróttamanni ársins 2025
3. janúar 2026

Kæru landsmenn, bæði gestir í sal og áhorfendur heima við.

Gleðilega hátíð!

Í kvöld komum við saman til að fagna afrekum landsmanna í íþróttum og þar með þeim metnaði og krafti sem býr í okkur Íslendingum. Íþróttirnar eru nefnilega ekki aðeins leikur og keppni. Þær eru líka spegill samfélagsins. Þær sýna fram á að árangur næst með þrautseigju, með jákvæðum stuðningi, með gleði og aga og með því að gefast aldrei upp þótt á móti blási, svo vísað sé í texta lagsins sem handboltalandsliðið okkar söng um árið. Íþróttir eru líka sameiginlegur hjartsláttur okkar, þegar vel gengur. Fátt er betur til þess fallið að tengja okkur Íslendinga saman þvert á aldur, kyn, landshluta og bakgrunn en keppni fulltrúa okkar heima og heiman. Íþróttir eru, síðast en ekki síst, skýrt dæmi þess að markverð afrek eru sjaldnast unnin í einangrun – þau eru oftast afrakstur víðtækrar samvinnu, þar með talið samvinnu þjálfara og keppanda, þjálfarateymis og liðsfélaga, en einnig samvinnu innan fjölskyldna og vébanda íþróttafélaga og samtaka. Og samvinna er nokkuð sem mig langar að ræða sérstaklega.

Þegar við horfum fram á veginn og hugum að þróttmiklu íslensku samfélagi framtíðarinnar – samfélagi þar sem farsæld barna og ungmenna er í fyrirrúmi – er ljóst að við höfum verk að vinna. Á þeirri vegferð þurfa margir aðilar að taka höndum saman. Við vitum að þótt Ísland standi nú um stundir framarlega á heimsvísu þegar kemur að velferð, menntun og mannréttum þá alast börnin okkar upp í flóknari heimi en áður og það eru blikur á lofti. Snjalltækin og samfélagsmiðlar eru frek á athygli æskufólks og fær um að ræna það ró og friði. Samfélagsbreytingar hafa verið hraðar undanfarin misseri, ýmsar áskoranir eru í efnahagslífinu og hvort tveggja veldur vaxandi álagi, ekki síst á barnafjölskyldur. Það skiptir máli að við mótum samfélag þar sem unga fólkið okkar fær rými til að vaxa, nærast vel, hvílast og njóta tómstunda, samfélag þar sem hreyfing og leikur þykja jafnsjálfsögð og lestrar- og stærðfræðikunnátta.

Það er ekki nóg að tala um farsæld allra barna. Lykillinn að henni er að við sem þjóð setjum okkur sameiginleg, háleit og raunhæf markmið og hrindum þeim í framkvæmd. Foreldrar, kennarar, þjálfarar, stjórnvöld, fyrirtæki og félagasamtök þurfa að taka höndum saman til að skapa umhverfi sem styður við drauma og heilbrigði barna og unglinga, styrkir félagsleg tengsl þeirra á milli og eflir trú þeirra á framtíðina og eigin getu. Við viljum efla menntastofnanir sem ýta undir forvitni og draga úr kvíða, íþróttafélög sem taka unga fólkinu okkar opnum örmum, óháð efnahag, bakgrunni og getu, sveitarfélög og opinberar stofnanir sem styðja við foreldra og börn sem standa höllum fæti.

Þegar við horfum á það glæsilega íþróttafólk sem er heiðrað hér í kvöld getum við séð af hverju þetta skiptir svo miklu máli. Bakvið þann árangur sem hver og einn hefur náð er barn sem fékk að takast á við áskoranir, barn sem fékk hvatningu og rými til að hreyfa sig og þroskast. Bakvið hvern titil stendur hópur fólks, fámennur eða fjölmennur eftir atvikum, sem hafði trú á þessu barni og styrkti trú þess á eigin getu. Þetta er það sem við viljum að öll börn eigi kost á – ekki bara

þau sem ná á toppinn. Við viljum sjá þau öll mæta brosandi á æfingar, hafa hugrekki til að njóta útiveru í öllum veðrum, hispursleysi til að stíga dans í auglýsni annarra, lífsorku til að taka heilshugar þátt í hverskonar leik og sköpun.

Kæru landsmenn.

Ef við stillum saman strengi okkar getum við skapað samfélag þar sem öll börn hafa tækifæri til að blómstra, á eigin forsendum, samfélag þar sem við hlúum að þroska þeirra, ýtum undir sköpunargleði og ræktum seiglu. Sameiginlegir hagsmunir okkar allra felast í því að tryggja öllum þeim sem hér alast upp bjarta framtíð.

Í kvöld samgleðjumst við einstaklingum og liðum sem hafa – vegna elju sinnar, gleði, kapps, metnaðar og persónuleika – veitt okkur ómetanlegan innblástur. Um leið gleðjumst við yfir öllu því sem gerir íslenskt íþróttalíf og íslenskt samfélag kraftmikið.

Til hamingju með daginn, kæra keppnisfólk. Takk fyrir að vera Íslendingum öllum dýrmætar fyrirmyndir.